



Handbók foreldra

Hagnýtar upplýsingar | Skilmálar | Tækniatriði

Nafn: _____ Notendanafn: _____

Google netfang: _____

Afhending spjalda


Í Öldtutúnsskóla fá allir nemendur í 5.— 10.bekk spjaldtölvu til afnota.

Nemendur í 5.-7. bekk geyma spjöldin að mestu í skólanum. Spjöldin eru geymd í sérstökum skáp þar sem þau eru hlaðin yfir nótt og eru þannig tilbúin til notkunar þegar skóli hefst á morgnana. Kennarinn getur þó beðið nemendur um að taka spjaldið með heim ef þess þarf til að vinna ákveðin verkefni.

Nemendur í 8.-10. bekk fara með spjöldin heim í lok skóladags og koma með þau fullhlaðin næsta skóladag.

Mikilvægt er að spjaldið sé ávallt fullhlaðið í byrjun skóladags þar sem spjaldið er mikið notað í kennslu og áhættusamt er að hlaða það á göngum og í skólastofum. Spjöld og hleðslutæki hafa skemmst við það og þarf þá forráðamaður nemandans að útvega skólanum nýtt, (Samkvæmt 4. grein í það samnings).

Við lok hvers skólaárs skila nemendur spjaldinu ásamt hleðslubúnaði inn til skólans til geymslu yfir sumarið.





Tæknileg atriði

Lightspeed er umsýslukerfi sem gerir skólanum kleift að senda forrit rafrænt til nemenda og setja á ýmsar stillingar sem ná yfir mörg spjöld. Kerfið kemur einnig að gagni ef spjaldtölva týnist eða ef henni er stolið.

ASM er sérstakt kerfi fyrir skóla sem nota Apple auðkenni í kennslu. Nemendur fá notendastýrð auðkenni og 200 GB geymslusvæði.

Í **App portal** geta nemendur sótt öpp sem Hafnarfjarðarbær hefur samþykkt. **App store** er óvirk hjá nemendum.

Google Suite er pappírslaust kerfi sem sameinar tölvupóst, dagatal og skýjageymslu auk aðgengis að ýmsum hugbúnaði á borð við ritvinnslu, glærukynningar, töflureikni og fleira.

Í **Google Classroom** getur kennari sent nemendum verkefni með rafrænum hætti. Nemendur geta unnið einir eða saman að verkefnum og sent til kennara. Foreldrar geta óskað eftir því hjá umsjónakennara að fá reglulega tölvupósta (daglega eða vikulega) með upplýsingum um skilaverkefni s.s. verkefni sem ekki hefur verið skilað, næstu verkefni og tilkynningar frá kennara. Foreldri sér aðeins lýsingu á verkefninu en ekki viðhengi eða þau verkefni sem nemandi hefur skilað. Foreldraaðgangurinn er hugsaður til þess að foreldri og barn tali saman um verkefni og því verður foreldri að sjá nánari upplýsingar um þau hjá barninu sjálfu.

Apple classroom er bekkjarstjórnunarkerfi. Þar hefur kennarinn takmarkaðan aðgang að tækjum nemenda. Kennari getur t.d. slökkt á forritum, sent nemendum skjöl og opnað vefslóðir í spjöldum nemenda.

Nemendur í 8.-10. bekk eru með **Mentor** smáforritið í sínu spjaldi. Þar geta þau nálgast verkefni, vikuáætlun, stundaskrá, námsmat og fleira.





Notkun spjaldsins í skólanum

- Spjaldið er námstæki og ber fyrst og fremst að nota það sem slíkt.
- Kennarar ákveða hvenær spjaldið er notað við kennslu og skal nemandi alltaf hlíta ákvörðun starfsmanna skóla um notkun spjaldsins innan veggja skólans.
- Spjaldið skal vera á hljóðlausri stillingu í kennslustundum. Heyrnatól skal nota við hlustun
- Lokað skal vera fyrir allar tilkynningar á smáforritum (e.notifications)
- Ekki er heimilt að taka myndir/myndbönd í kennslustundum nema með leyfi kennara.
- Í skólanum er svæðum skipt upp í **gul**, **rauð** eða **græn** svæði. Á **grænum** svæðum er nemendum heimilt að nota spjaldið að vild, á **gulum** svæðum þurfa nemendur að fá leyfi hjá kennara og vinna í því sem hann setur fyrir. Á **rauðum** svæðum er með öllu óheimilt að vera í spjaldinu.
- Unnið er á brotum á reglum varðandi spjöldin samkvæmt SMT. Ítrekuð brot geta leitt til þess að spjaldið sé tekið af nemenda í skemmri eða lengri tíma.
- Með innleiðingu spjalda fá nemendur meðal annars meira um nám sitt að segja og aukið val um nálgun á námsverkefnum.





Ábyrgð

Spjaldtölvun er eign Hafnarfjarðarbæjar

- Nemandi skal fara vel og varlega með spjaldtölvuna og foreldrar skulu styðja við ábyrga og gætilega notkun þess. Aldrei skal taka spjaldtölvuna úr hulstrinu.
- Spjalldið má undir engum kringumstæðum nota á ólöglegan hátt eða eiga við stýrikerfi þess.
- Spjaldtölvun er skráð í umsýslukerfið Lightspeed sem tengir hana við tölvudeildina og gerir henni kleift að takmörkuðu leyti að sjá upplýsingar um notkun spjaldtölvunnar, t.d. hvort sótt séu óleyfileg öpp eða stillingum breytt.
- Skemmdir á tæki mynda aðeins bótaskyldu ef nemandi er vísvitandi valdur að þeim.
- Glatist hleðslutæki í umsjá nemanda ber honum að útvega nýtt á eigin kostnað.
- Tækið er tengt þráðlausu neti í skólanum sem er öruggt og varið gegn óæskilegu efni.
- Ef þráðlaust net er á heimilinu er hægt að tengjast því með lykilorði. Ekki er leyfilegt að breyta netstillingum spjaldtölvunnar.

**Nánari upplýsingar um ábyrgð má sjá í samningi milli Öldtutúnsskóla og foreldra/forráðamanna.*





Notkun spjaldsins heima

Þótt spjaldtölvun sé fyrst og fremst afhent nemendum í þeim tilgangi að hún sé notuð sem námstæki er ljóst að spjaldtölvun býður upp á fjölbreytta notkun til afþreyingar og nálgast má margvíslegt efni á netinu. Búast má við að margir nemendur verði uppteknir af spjaldtölvunni fyrst um sinn eftir að hún er afhent, ekki síst ef nemandi hefur ekki átt slíkt tæki áður. Reynslan sýnir þó að hjá flestum nemendum er þetta tímabundið ástand og spjaldtölvun verður með tímanum eins og hvert annað námsgagn í skólatöskunni.

Það er hlutverk foreldra og forráðamanna að ákveða reglur um notkun spjaldtölvunnar heima fyrir, hvað nemandi má gera og hve lengi. Oft getur verið gott að foreldrar í bekk eða árgangi samræmi slíkar reglur sín á milli, hversu mikil notkun megi vera, hve lengi í einu, hve lengi frameftir og svo framvegis.

Í **Screen Time** undir Settings í spjaldinu er hægt að sjá hverskonar forritum barnið ver mest af sínum tíma í. Einnig er hægt að takmarka þann tíma sem barnið eyðir í ákveðin forrit og stilla þau þannig að þau slökkvi á sér á ákveðnum tíma dags.





Stafræn borgaravitund

Þegar einstaklingur setur mynd á netið, notar tölvupóst, kaupir eitt-hvað á netinu eða er á samfélagsmiðlum er hann stafrænn borgari. Því fylgir ábyrgð. Í skólanum fá nemendur fræðslu um myndbirtingar, hættur á netinu og fleira.

Við mælum einnig með því að foreldrar og forráðamenn kynni sér efni síðunnar **SAFT.is**.

Er barnið mitt ...

- að nærast og sofa eðlilega?
- líkamlega hraust?
- í félagslegum tengslum?
- að sinna skólanum?
- með áhugamál og gefandi viðfangsefni í frítímanum?

Ef svarið er já þá er lítil ástæða til að hafa áhyggjur





Skjáviðmið fyrir börn 6-12 ára

Börn í dag alast upp í umhverfi sem er hlaðið tækjum og með stöðugum tækninýjungum. Með skynsamri umgengni við þessi tæki geta þau verið hluti af góðu uppeldi. Fyrstu kynni barna af snjalltækjum ættu alltaf að fara fram undir handleiðslu foreldra, forsjáraðila og/eða annarra fullorðinna.

Það er fyrst og fremst á ábyrgð foreldra hversu mikil skjánotkun er á heimilinu.

Skjáttími kemur ekki í stað jákvæðrar virkni

Foreldrar þurfa því að leitast við að skapa jafnvægi í lífi barna sinna og einnig að skipuleggja skjálausar stundir saman.



- Félagslegra samskipta
- Nægilegs svefns
- Heilbrigðs lífneris
- Samveru foreldra og barna



Foreldrar eru fyrirmyndir barna sinna og mikilvægt að þeir hugi að eigin skjánotkun þegar þeir setja reglur um skjánotkun barna sinna.

Skólabörn (6-12 ára)

- ✓ Tryggja þarf börnum nægan svefn en börn á skólaaldri þurfa almennt um 10 klst. svefn. Góð regla er að hafa engin skjátæki í svefnherbergjum barna.
- ✓ Stuðlaðu að fjölbreyttri skjánotkun og lærdómstækifærum.
- ✓ Foreldrar eru fyrirmyndir og þurfa að huga að sinni eigin skjánotkun. Börnin fylgjast með og læra af þeim.
- ✓ Sýndu skjánotkun barnsins áhuga og ræddu við barnið um hana.
- ✓ Styrktu jákvæða skjánotkun með því að benda barninu á áhugavert og lærdómsríkt skjáfni og hrósaðu því fyrir fyrir uppbyggilega og hófstilla notkun skjátækja.
- ✓ Tryggja þarf skjálausar samverustundir fjölskyldu eins og t.d. við matarborðið.
- ✓ Kenndu barninu að ráðfæra sig við þig áður en það gefur upp persónuupplýsingar eins og nafn, síma, netfang, heimilisfang, lykilorð, skóla eða myndir.
- ✓ Virtu aldurstakmörk leikja og samfélagsmiðla.
- ✓ Gættu þess að hafa sjónvarpið eða önnur tæki ekki stöðugt í gangi, það truflar góð samskipti foreldra og barna.

Frekari upplýsingar: heilsuvera.is



Ef þú telur skjánotkun barns vera komna út fyrir eðlileg mörk er hægt að leita til heilsugæslu.



Skjáviðmið fyrir ungmenni 13-18 ára

Börn í dag alast upp í umhverfi sem er hlaðið tækjum og með stöðugum tækninýjungum. Með skynsamri umgengni við þessi tæki geta þau verið hluti af góðu uppeldi. Fyrstu kynni barna af snjalltækjum ættu alltaf að fara fram undir handleiðslu foreldra, forsjáraðila og/eða annarra fullorðinna.

Það er fyrst og fremst á ábyrgð foreldra hversu mikil skjánotkun er á heimilinu.

Skjáltími kemur ekki í stað jákvæðrar virkni

Foreldrar þurfa því að leitast við að skapa jafnvægi í lífi barna sinna og einnig að skipuleggja skjálausar stundir saman.



- Félagslegra samskipta
- Nægilegs svefns
- Heilbrigðs lífneris
- Samveru foreldra og ungmenna



Foreldrar eru fyrirmyndir barna sinna og mikilvægt að þeir hugi að eigin skjánotkun þegar þeir setja reglur um skjánotkun barna sinna.

Ungmenni (13-18 ára)

- ✓ Unglingar þurfa 8-10 klukkustunda svefn á sólarhring og því þarf að tryggja að skjánotkun hafi ekki neikvæð áhrif á svefn eða aðrar grunnþarfir eins og hreyfingu, hreinlæti eða næringu.
- ✓ Stíllíð tækin þannig að stöðugar tilkynningar berist ekki frá smáforritum til að minnka áreiti.
- ✓ Foreldrar eru fyrirmyndir barna sinna þegar kemur að skjánotkun og þurfa að setja gott fordæmi.
- ✓ Mikilvægt er að foreldrar og ungmenni eigi samtál um skjánotkun og komi sér saman um reglur. Hver og einn þarf að skoða hjá sjálfum sér eigin skjánotkun og finna jafnvægi.



Frekari upplýsingar: heilsuvera.is

Umræðupunktur fyrir foreldra og ungmenni til að móta reglur um skjánotkun:

- ☞ Ef þú fengir að stjórna skjánotkun á heimilinu, hvemig væri henni hátað?
- ☞ Finnst þér þú, foreldrar þínir eða vinir vera of mikið í símanum, spjaldtölvunni eða horfa mikið á sjónvarp?
- ☞ Hvað ertu að skoða í símanum eða tölvunni og hvenær ertu að skoða það? – Ertu að skoða þetta af því að þér leiðist eða ertu að leita að einhverju sérstöku?
- ☞ Hvernig líður þér eftir að hafa verið lengi við skjáinn?
- ☞ Ertu að skoða símann á þínum forsendum eða vegna tilkynninga eða skilaboða?
- ☞ Hversu mikill tími fer í að skoða efni sem gagnast þér og hversu mikill tími fer í annað?
- ☞ Tekur síminn mikinn tíma frá þér sem þú gætir notað í annað?

Ef þú telur skjánotkun barns vera komna út fyrir eðlileg mörk er hægt að leita til heilsugæslu.



UMBODSMADUR BARNNA



HEILSUGÆSLAN



Heimili og skóli
Landsvæðisráðgjafi



LANDSPÍTALI



Embætti
landlæknis
Directorate of Health



Barnaheill



SAFT
SAMFÉLAG, FÉLSKYLDA OG TÆKNI



Virðing virkni vellíðan